



# Hestamannafélagið Glaður

Sunnubraut 7  
370 Búðardal  
www.gladur.is

## Stjórnarfundur 8. október 2015

*Endurritað úr fundargerðarbók Glaðs á ábyrgð ritara:*

Fundur í stjórn Hestamannafélagsins Glaðs, haldinn að Sunnubraut 7, 8 október 2015.

Mættir: Þórður, Heiðrún Sandra, Þórarinn, Viðar og Gyða.

1. Gyða sagði frá fundi skemmtinefndar þar sem ákveðið var að halda skemmtikvöld Glaðs 9. janúar næstkomandi, þar sem meðal annars yrðu afhent verðlaun vegna knapa ársins 2015. Einnig að reynt verði að semja við Pálma í Dalakoti um útsendingar frá Meistaradeildinni eftir áramótin og um að vera með góð tilboð samhangandi við það.
2. Búið er að veita viðurkenningu v. efnilegasta knapa ársins 2015 en það er Einar Hólm, var hún veitt á UDN uppskeruhátíðinni. Knapi ársins valinn nú en það er xxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxxx.
3. Rætt um nefndir og störf þeirra. Einnig um reiðvegafé, eigum um 600.000 í reiðvegafé hjá Vegagerðinni, verðum að vinna fyrir það á árinu. Fræðslu- og æskulýðsnefnd áformar reiðnámskeið í vetur. Spjallað um pollaflokkinn, að gera honum hærra undir höfði. Mótanefnd þarf að raða niður mótum v. 2016 fyrir 15.11.2015
4. Ákveðið að Heiðrún Sandra og Svala fari á raðstefnu vegna landsmóta framtíðarinnar sem haldinn verður 17. október. Formannafundur LH verður í haust. Árshátíð hestamanna á Vesturlandi verður 20. nóvember í Reykholti.
5. Lagfæra verður dómpallinn fyrir veturinn.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.

*Gyða Lúðvíksdóttir, ritari*